

**Fundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra,
miðvikudaginn 4. júní 2014, kl. 16.00**

Á fundinn voru eftirtaldir mættir: Björg Baldursdóttir, Adolf H. Berndsen, Ragnar Smári Helgason, Guðný Kjartansdóttir, Bjarni Jónsson og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Nýr menningarsamningur

Í maí var skrifað undir nýjan menningarsamning milli SSNV of ríkisvaldsins. Sá samningur gildir fyrir yfirstandandi ár. Undirritun þessa samnings var forsenda þess að menningarráð gæti svarað umsækjendum um menningarstyrki en þeir hafa beðið svara síðan í febrúar.

Menningarráð harmar þann drátt sem orðið hefur á svörum til umsækjenda, sem fyrst og fremst er tilkominn vegna tafa í ráðuneytunum.

2. Úthlutun stofn- og rekstrarstyrkja

Fyrir fundinum lágu 9 umsóknir um stofn- og rekstrarstyrki þar sem óskað var eftir rúmum 23,5 milljónum í styrki. Menningarráð samþykkti styrki til 8 aðila, samtals að upphæð 12 milljónir.

Við afgreiðslu einstakra umsókna var fylgt lögum um vanhæfi nefndarmanna.

3. Úthlutun verkefnastyrkja

Fyrir fundinum lágu 84 umsóknir um verkefnastyrki þar sem óskað var eftir liðlega 57 milljónum í styrki. Menningarráð samþykkti styrki til 55 aðila, samtals að upphæð 20,450 milljónir.

Við afgreiðslu einstakra umsókna var fylgt lögum um vanhæfi nefndarmanna.

4. Úthlutunarhátíð

Vegna þeirra tafa sem orðið hafa á svörum til umsækjenda var ákveðið að hafa ekki sérstaka úthlutunarhátíð að þessu sinni. Áhersla verður lögð á að svara umsækjendum sem fyrst og ganga frá samningum við þá sem fá loforð um styrk.

5. Önnur mál

- a) Ársreikningar menningarráðs fyrir árið 2013 voru lagðir fram til kynningar.
- b) Drög að ársskýrslu menningarráðs fyrir árið 2013 voru lögð fram til samþykktar

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 19.00.
Ingibergur Guðmundsson